

ANNIE ERNAUX

Heimkomur

Skrifað veturinn 1984–1985, birt í *L'Autre Journal*, apríl 1985

Það var sunnudag í júlí sem ég sá mömmu í síðasta sinn heima hjá sér. Ég tók lestina. Hún stoppaði lengi á stöðinni í Motteville. Það var heitt í veðri. Allt var hljótt, bæði inni í lestarvagninum og fyrir utan hann. Ég horfði út um opinn gluggann, það var ekki nokkur sála á brautarpallinum og handan girðingarinnar við lestarstöðina lá við að hátt grasið snerti neðstu greinar eplatrjána. Á því andartaki fann ég raunverulega fyrir því að ég væri að nálgast C. og að ég væri að fara að hitta mömmu aftur. Lestin lagði af stað, á minni hraða þar til hún kom til C.

Þegar ég gekk út af lestarstöðinni fannst mér ég þekkja nokkur andlit þótt ég gæti ekki sett nafn á þau. Kannski hef ég aldrei getað það. Það var ekki eins heitt, út af vindinum. Það er alltaf vindur í C. Allir, mamma líka, halda að þar sé kaldara en annars staðar, þótt ekki sé farið nema fimm kílómetra þaðan.

Ég tók ekki leigubílinn sem beið fyrir utan lestarstöðina eins og ég hefði gert hvar sem er annars staðar. Um leið og ég kem til C. haga ég mér eins og tíðkaðist áður fyrr: leigubíllinn er eingöngu notaður við fermingar, brúðkaup og jarðarfari. Ekki fer maður að eyða peningi í svoleiðis. Ég gekk upp Carnot-götu og inn í miðbæinn. Í fyrsta bakariinu sem varð á vegi mínum keypti ég bakkelsi, vatnsdeigsbáta og ristaðar eplaskífur eins og þær sem hún sagði mér að koma með heim eftir hádegismessuna. Líka blóm, gladiólur, sem standa lengi. Alla leiðina að hverfinu þar sem hún býr hugsaði ég ekki um neitt annað en að „ég væri að fara að hitta hana“ og að „hún biði eftir mér“.

Eins herbergis íbúðin er á jarðhæð og ég barði á þunnar dyrnar. Hún kallaði: „Já! Kom inn!“

„Þú ættir að læsa að þér!“



Ritið
3. tbl. 24. árg. 2024 (213-216)
Þýðing

© 2024 Ritið, úmarit Hugvísindastofnunar
og höfundar greinarinnar

Útgefandi:
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.
Tengiliður: ritid@hi.is

DOI: 10.33112/ritid.24.3.9
Birt samkvæmt skilmálum
Creative Commons BY (4.0).

„Ég vissi að þetta varst þú. Það gat ekki verið neinn annar.“

Hún var svuntulaus, með varalít, hún hló þar sem hún stóð við borðið. Hún lagði höndina á öxl mér og lyfti höfðinu svo ég gæti kysst hana. Um leið spurði hún áköf um ferðalagið, börnin, hundinn. Hún svaraði ekki mínum spurningum. Alltaf hrædd um að vera leiðinleg þegar hún talaði um sjálfa sig. Stuttu síðar endurtók hún, eins og venjulega: „Mér líður vel hérna. Mér gæti ekki líðið betur,“ og „Ég væri nú meiri nöldurskjóðan ef ég væri ekki ánægð.“ Það var kveikt á sjónvarpinu, skrúfað niður í hljóðinu, ekkert nema stillimyndin á skjánum.

Hún tók við gladíólunum hálfvandræðaleg og þakkaði mér fyrir þvinguðum rómi. Ég hafði gleymt því að henni hafði alltaf fundist óþægilegt þegar ég færði henni blóm úr blómabúðinni, það er bara fina fólkið sem gerir svolendið og henni þykir það móðgandi. Eins og ég kæmi fram við hana sem ókunnuga manneskju, það er að segja sem væri ekki úr fjölskyldunni, og væri með tepruskap. Hún var ánægð með sætabrauðið en hún hafði keypt kökur handa okkur báðum á leiðinni heim úr messunni.

Við settumst hvor á móti annarri, sín hvorum megin við borðið sem, ásamt skenknum, fyllir nánast út í stúdíóbúðina. Ég mundi eftir því sem hún sagði í fyrsta skiptið sem ég heimsótti hana eftir að hún flutti hingað: „Ég hafði það í stærra lagi, að minnsta kosti tíu manns geta borðað við það!“ Ekki í eitt einasta sinn, á þeim sex árum sem liðin eru. Samt breiddi hún vaxdúk á borðið til þess að skemma það ekki.

Hún var þjökud, mäsandi, eins og hún vissi ekki hvar hún ætti að byrja þar sem við hefðum svo mikið að segja hvor við aðra. Það er dimmt inni hjá henni og loftið er þungt, hún opnar gluggana ekki nógu oft. Á sunnudögum, þegar ég var lítil, tók hún mig með að heimsækja gamlar konur. Þegar við kvöddum andaði hún djúpt að sér: „Það er vond lykt hjá þessu gamla fólki, það er alveg hætt að lofta út.“ Fyrst hún sagði þetta hafði ég ekki búist við að hún yrði eins.

Hún talaði um hvernig veðrið hafði verið hjá henni þetta vor, fólk sem hafði dáið frá því ég kom síðast og hún ergði sig á því hversu gleymin ég er og heldur að það sé með vilja gert. „Það er vegna þess að þú vilt ekki muna.“ Hún bætir við smáatriðum þar til ég átta mig á hver á í hlut: um staðinn þar sem viðkomandi bjó, dótturina sem var í skóla með mér, o.s.frv.

Klukkuna vantaði korter í tólf þegar við lögðum á borð. Síðast hafði hún beðið þar til klukkan var hálféitt. Núna flýtir hún öllu. Hún sagði allt í einu að það væri lítið eftir af sumrinu.

Þegar ég var að leita að servíettum fann ég heilan staffla af rómantískum ljósmyndasögum innst í skenknum. Ég sagði ekki neitt en hún vissi að ég hafði komið auga á þær. „Það er Paulette sem lánar mér blöðin, annars veistu að

ég myndi aldrei lesa þau. Hún les ekkert nema þetta, sögur um ekki nokkurn skapaðan hlut.“ Líka hrædd við að ég finni að því sem hún les. Ég var næstum því búin að segja við hana að það skipti engu máli þótt hún tæki *Nous Deux* fram yfir Malraux, sem hún var nýbúin að fá að láni á borgarþéttunum. Hún hefði tekið það nærri sér ef svo hefði virst sem ég efaðist um að hún gæti verið að lesa svipaðar bækur og ég.

Við borðuðum í þögn. Hún horfði án afláts á diskinn og bar sig dálítið subbulega að við matinn eins og sá sem er vanur að borða einn. Hún vildi ekki að ég sæi um uppvaskið: „Hvað á ég að gera á eftir þegar þú ert farin?“

Hún sat bein í baki, með krosslagða handleggi. Ég hef aldrei séð hana snerta líkama sinn að ástæðulausu, strjúka mjúklega yfir hárið eða smeygja hendinni undir hálmál vinnusloppsins þegar hún var niðursokkin í lestur. Einu ómeðvituðu hreyfingar hennar voru þegar hún var þreytt: hún teygði úr sér og lyfti handleggjunum upp yfir höfuðið, lét fallast á stól með útrétta fætur. Minni harka í andlitinu en fyrr, minna af stífninni sem þarf til að komast áfram í lífinu. Þessi gráu augu, sem grunuðu mig sífellt um eitthvað illt, störfu á mig af ágengri blíðu. Hún hafði talið dagana, um morguninn hafði hún hugsað með sjálfri sér að ég kæmi í dag, þarna vorum við báðar tvær og helmingur tímans var nú þegar liðinn. Heimsóknartónninn í orðum okkar, glaðværð og elskulegheit það sem eftir er. Hinn tónninn, ofsinn þegar ég var fimmtán ára, mun ekki heyrast frammar. „Afæta og aumingi, ég þræla mér út fyrir hana.“ „Ég kem mér í burt.“ „Fyrst ferðu í betrunarvist, druslan þín.“

Hún reyndi að finna upp á fleiri umræðuefnum svo að ég skildi hana ekki of fljótt eftir eina með þránni eftir mér, að hafa mig, dóttur sína, hjá sér, alltaf. „Paulette færði mér stór rífsber. Þú ættir að vita hvað þau eru falleg. Þetta er auðvitað rétti tíminn. Minntu mig á að gefa þér af þeim áður en þú ferð.“ Paulette kemur til hennar í hverri viku, hún er gamall nágranni sem er á aldur við mig, hún hefur aldrei farið frá C.

Ég heyrði í bílunum í fjarska, á hraðbrautinni, í útvarpi í næstu íbúð, kannski Frakklandshjólreiðarnar.

„Það er rólegt.“

„Það hefur alltaf verið rólegt. Það er rólegast á sunnudögum.“

Hún hefur örugglega oft sagt mér að hvíla mig vel í fríinu. Hérna áður fyrr þegar ég vissi ekki hvað ég átti að gera var engin setning jafn hryllileg og þessi: „Viltu ekki bara hvíla þig?“ Aftur fór ég að finna fyrir gremju en orðin bíta ekki

á mig lengur. Þau ná aðeins að kalla fram minningar, eins og íþróttirnar í útvarpinu á sunnudögum, ristaðar eplaskífur. Að finna aftur sumarleiðindin í C. Lestur frá morgni til kvölds, sunnudagsbíó fyrir fullorðna með aðvörunarorðum í Mondial-salnum sem var að þremur fjórðu hlutum tómur, þegar hún hélt að ég væri „góða stelpan“ úti að ganga með frænku minni sem var aðeins eldri en ég. Vinningarnir á árlegu afsláttarvikunum, dansleikurinn sem ég þorði ekki inn á.

Um miðbik dagsins birtist köttur á gluggasýllunni við eldhúshornið. Mamma stóð í flýti upp úr hægindastólnum til að opna fyrir honum, ketti sem hún hefur „tekið í föstur“, sem hún gefur að éta, sem sefur á rúminu hennar á daginn. Hún hafði ekki verið svona glöð á svip síðan ég kom. Við vorum lengi með athyglina við köttinn, horfðum á hann, héldum á honum til skiptis. Hún sagði mér sögur af prakkarastrikum þessa „óþekktaranga“, tættum gluggatjöldum, jafnvel únliðirnir voru klóraðir á tveimur stöðum. Eins og áður fyrr sagði hún „allt sem lifir er fallett“. Hún virtist hafa gleymt því að ég var í þann mund að fara.

Á síðustu stundu tók hún fram blað frá Tryggingastofnun sem mikið lá á að fylla út. „Ég hef ekki tíma núna, láttu mig fá það, ég sendi það til þín.“ „Það tekur enga stund, það eru fimm mínútur niður á lestarstöð.“ „Ég missi af lestinni.“ „Þú hefur aldrei misst af lestinni. Þú tekur næstu lest.“ Hún var gráti næst, að lokum sagði hún hið ófrávíkjanlega: „Allt svona fer í taugarnar á mér.“

Í dyragættinni, þegar hún hafði kvatt mig með kossi, reyndi hún enn að bæta einhverju við. Síðasta myndin af henni, á þröskuldinum, með örlítið bústna handleggina niður með sverum líkamanum, klædd gulum kjól, fallegasta kjólnum sem hún á og sem límist við brjóstin og magann, breitt bros, stórnað. Enn einu sinni fannst mér ég leggja á flóttu, eins og bleyða.

Ég fór stystu leið niður á lestarstöð, fram hjá Shell-verkstæðinu. Áður fyrr, á heimleið úr bíó, var það þarna sem ég fór að búa mig undir rannsakandi augnaråd hennar, varð öll stíf og þurrkaði af mér það sem eftir var af varalitnum. Hvað heldurðu að fólki finnist um þig?

Í lestinni sá ég hana fyrir mér, að vaska upp, í sinni eigin þögn, öll merki um nærveru mína brátt afmáð. Ég horfði á C. hverfa, bústaði járnbrautarstarfsmannanna nálægt teinunum, byggingar Sernam-flutningaþjónustunnar.

Einum mánuði síðar fór ég aftur að hitta mömmu. Það var nýbúið að leggja hana inn á sjúkrahúsið í C. vegna sólstings, eftir messuna. Ég loftaði út úr stúdíóíbúðinni hennar, tók skjölin sem voru í skenknum, henti úr ísskápnem því sem lá undir skemmdum. Í grænmetisskúffunni, í plastpoka sem bundið hafði verið fyrir, voru stóru rifsberin sem ég hafði gleymt í fyrra skiptið, nú orðin að brúnleitu mauki.

Ásdís R. Magnúsdóttir þýddi